

XI. KAFLI - Reglugerðir um Aldursflokkamót

a) Unglingameistaramót Íslands í sundi

1. grein

Unglingameistaramót Íslands – UMÍ er haldið árlega í júnímánuði.

2. grein

Mótið er haldið í 50 metra laug. Stjórn SSÍ ákveður fjölda keppisdaga. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarar sundkeppni meðal sambandsaðila SSÍ. Stjórn SSÍ ákveður og kynnir skipulag og staðsetningu mótsins með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

3. grein

Lágmörk á UMÍ eru ákveðin af stjórn SSÍ að fenginni tillögu frá ÍSS, Íslenska sundþjálfarasambandinu. ÍSS skilar tillögum sínum um lágmörk á UMÍ ekki síðar en 16. ágúst fyrir næsta UMÍ á eftir. Skili ÍSS ekki tillögum gerir landsliðsþjálfari tillögu til stjórnar SSÍ, um lágmörk fyrir mótið. Stjórn SSÍ birtir og kynnir staðfest lágmörk minnst sjö mánuðum áður en UMÍ hefst.

4. grein

Unglingameistaramót Íslands, UMÍ er aldursskipt meistaramót í sundi. Aldursflokkarnir eru; piltar og stúlkur 15 – 17 ára og konur og karlar 18 – 20 ára.

5. grein

Á UMÍ skal veita verðlaun fyrir fyrsta til þriðja sæti í einstaklingskeppni og boðsundum í aldursflokkum og skal sigurvegari í hverri grein og aldursflokki hljóta sæmdartitilinn Unglingameistari Íslands.

Afreksverðlaun einstaklinga eru veitt keppendum sem ná bestum samanlögðum árangri í tveimur greinum samkvæmt stigatöflu FINA í flokki 15 – 17 ára og í flokki 18 – 20 ára.

6. grein

Þátttökurétt hefur allt sundfólk sem skráð er í íslensk sundfélög og hefur uppfyllt skilyrði sem um getur í 3. og 4. grein hér að ofan. Að auki eiga íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis skráðir í félög erlendis þátttökurétt á mótinu í samræmi við reglur ÍSÍ og SSÍ um keppnis- og þátttökurétt. Í boðsundum er keppt í opnum flokki 15 – 20 ára og pilta- og stúlknaflokki 15 – 17 ára. Boðsundssveitir skulu skipaðar tveimur einstaklingum af hvoru kyni.

7. grein

SSÍ ákveður greinar og geinarröð í samráði við landsliðsþjálfara að fenginni tillögu ÍSS. Stjórn SSÍ hefur heimild til að breyta greinaröð ef nauðsyn krefur.

8. grein

Stjórn SSÍ getur haldið lágmarkamót eftir hádegi á sunnudegi á UMÍ helginni, til að gefa sundfólki tækifæri til að ná lágmörkum á alþjóðleg sundmót. Eingöngu er keppt í greinum sem ekki eru innan UMÍ. 13 til 14 ára sundfólk má keppa á UMÍ sem og lágmarkamóti til þess að reyna við lágmörk í alþjóðleg unglingaverkefni. Þessi hópur getur ekki unnið titla eða til verðlauna á UMÍ.

9. grein

Tækni- og starfsmannafundi skal halda samkvæmt gildandi reglum SSÍ.

b) Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi

1. grein

Aldursflokkameistaramót Íslands – AMÍ skal haldið árlega síðustu helgi júnímánaðar.

2. grein

Mótið er haldið í 25 metra laug. Stjórn SSÍ ákveður fjölda keppisdaga. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarar sundkeppni meðal sambandsaðila SSÍ. Stjórn SSÍ ákveður og kynnir skipulag og staðsetningu mótsins með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

3. grein

Lágmörk á Aldursflokkameistaramótið eru ákveðin af stjórn SSÍ að fenginni tillögu frá ÍSS, Íslenska sundþjálfarasambandinu. ÍSS skilar tillögum sínum um lágmörk á AMÍ ekki síðar en 16. ágúst fyrir næsta AMÍ á eftir. Skili ÍSS ekki tillögum gerir landsliðsþjálfari tillögu til stjórnar SSÍ, um lágmörk fyrir mótið. Stjórn SSÍ birtir og kynnir staðfest lágmörk minnst sjö mánuðum áður en AMÍ hefst.

Lið sem eiga færri keppendur á AMÍ, en fjóra, mega sækja um að bæta við keppendum óháð lágmörkum á AMÍ þó þannig að heildarfjöldi keppenda þeirra félaga verði ekki fleiri en fjórir. Þeir keppendur sem þannig fá keppnisrétt á AMÍ mega synda allt að þrjár einstaklingsgreinar að eigin vali. Þeir keppendur á AMÍ sem ná lágmörkum í færri greinum en þrem mega velja sér greinar til viðbótar án lágmarka til að ná keppni í þremur einstaklingsgreinum. Umsókn um slíkt skal berast 15 dögum fyrir upphaf móts.

Hver keppandi má synda að hámarki sex einstaklingsgreinar.

4. grein

Aldursflokkameistaramót Íslands AMÍ er aldursskipt meistaramót í sundi þar sem keppt er beint til úrslita. Aldursflokkarnir eru: Piltar og stúlkur 15 ára, drengir og telpur 13 – 14 ára, sveinar og meyjjar 11 - 12 ára, hnokkar og hnátur 10 ára og yngri.

5. grein

Aldursflokkameistaramót Íslands er stigakeppni félaga. Tveir hröðustu sundmenn félags í hverri grein og árgangi taka stig fyrir félagið. Stig eru gefin miðað við sætaröð í árgöngum og reiknuð þannig að fyrir fyrsta sæti eru gefin 8 stig, fyrir annað sætið 6 stig, fyrir þriðja sætið 4 stig, þá 3 stig, 2 stig og 1 stig þannig að 6 bestu í greininni í hverjum árgangi hljóti stig. Stigagjöf fyrir boðsund er samsskonar en er miðuð við aldursflokkana 12 ára og yngri meyjjar og sveinar, 13-14 ára telpur og drengir og 15 ára opinn blandaður flokkur. Einungis ein sveit frá hverju félagi getur tekið stig í hverjum aldursflokki. Sú sveit skal merkt A-sveit. Verði félög jöfn að stigum í heildarstigakeppni félaga skulu stig gefin fyrir boðsund ráða sæti félagana. Verði félög þá ennþá jöfn að stigum skal hlutkesti ráða röð félaga.

6. grein

Á AMÍ skal veita verðlaun fyrir fyrsta til þriðja sæti í einstaklingskeppni í árgöngum, en í boðsundum skal veita verðlaun fyrir fyrsta til þriðja sætið í aldursflokkum. Sá sem á besta tímunn í greininni miðað við aldursflokka hlýtur sæmdartitilinn Aldursflokkameistari Íslands í þeirri grein.

Afreksverðlaun einstaklinga eru veitt þeim keppendum sem ná bestum samanlögðum árangri í tveimur greinum samkvæmt stigatöflu FINA í flokki pilta og stúlkna. Í flokki drengja og telpna eru teknar þrjár stigahæstu greinarnar og í flokki sveina og meyjja skal reikna árangur úr 200 m fjörsundi, 400 m skriðsundi ásamt stigahæstu grein þar fyrir utan.

Allir sem taka þátt í mótinu 12 ára og yngri fá sérstaka viðurkenningu fyrir þátttöku sína.

7. grein

SSÍ ákveður greinaröð í samráði við landsliðsþjálfara að fenginni tillögu ÍSS.

Í 10 x 50m blönduðu boðsund má hvert lið hafa að hámarki einn sundmann af hvoru kyni í aldursárgöngunum 13, 14 og 15 ára. Ekki eru settar takmarkanir á fjölda sundmanna úr aldursárgöngum 10, 11 og 12 ára. Félög sem ekki ná að setja saman blandaða boðsundssveit í þessari grein mega sameina krafta sína við önnur félög.

Í boðsundum má sýnda upp fyrir sig í aldursflokkum að því tilskyldu að boðsundssveitir séu skipaðir tveimur einstaklingum úr réttum aldursflokkum hið minnsta í flokkum 12 ára og yngri og 13 til 14 ára. Flokkur 15 ára er opinn innan mótsins.

Félögum er heimilt að hafa sundfólk í boðsundssveitum sem ekki hafa náð einstaklingslágmarkum á AMÍ, en það verður að uppfylla aldurstakmarkanir.

8. grein

Þátttökurétt hefur allt sundfólk sem skráð er í íslensk sundfélög og uppfylla skilyrði sem um getur í 3. grein hér að ofan. Að auki eiga íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis skráðir í félög erlendis þátttökurétt á mótinu í samræmi við reglur ÍSÍ og SSÍ um keppnis- og þátttökurétt. Stjórn SSÍ getur boðið erlendum félögum/sundmönnum til þátttöku í mótinu. Erlend sundfélög geta ekki tekið þátt í stigakeppni félaga.

9. grein

Tækni- og starfsmannafundi skal halda samkvæmt gildandi reglum SSÍ á hverjum tíma.